

Heiðar Hermannsson

Reykjavík, 12. september 2023

UST202309-113/P.V.B.

09.07.01

Efni: Leyfi til framkvæmda Sjávarhús-Aðalvík rotþró

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Heiðar Hermannsson, dagsett, 8. september 2023, um leyfi til framkvæmda innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að setja niður nýja rotþró við Sjávarhús við Látra í Aðalvík. Mynd sem sýnir fyrirhugaða staðsetningu rotþróarinnar fylgdi með umsókn. Rotþróin yrði tengd inn á rör sem fyrir eru frá húsi og frágangur ofan á og við rotþró yrði þannig að sem minnst rask á gróðri yrði og skilið við í sambærilegu útliti og nú er. Við framkvæmdina yrði notuð grafa sem fyrir verður á svæðinu vegna annars verkefnis. Framkvæmdin færi fram um leið og leyfi liggur fyrir. Gröfunni yrði keyrt úr fjörunni eftir malarlóða framan við húsið.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur framkvæmdina sem svo að hún hafi ekki áhrif á verndargildi, lífríki eða jarðminjar svæðisins skv. verklýsingu sé farið eftir skilyrðum leyfis. Húsið stendur nálægt fjöruborði á svæði sem þegar getur talist raskað sbr. myndir sem umsókn fylgdu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Heiðar Hermannsson fyrir sitt leyti leyfi til að grafa niður rotþró innan friðlandsins Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið frá dagsetningu þessa bréfs til 20. september 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Einungis skal aka gröfu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur